

**4. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, föstudaginn 15. ágúst 2014
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi, Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður og Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH) varamaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi
er viðstaddur gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. 1408007 - Kosning varaformanns byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar

Tillaga gerð um að Aðalsteinn Magnússon sé settur varaformaður byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

2. 1407066 - Deiliskipulag fyrir fóðurstöð í Tálknafirði

Tekið fyrir deiliskipulag fyrir fóðurstöð Fjarðalax, Háanesi í Tálknafirði, dagsett 10. febrúar 2013. Nefndin samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar hjá viðeigandi stofnunum og auglýsa deiliskipulagið samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin bendir einnig á að byggingarreitir eru utan leyfilegra fjarlægðamarka frá sjó og vegi skv. skipulagreglugerð og óska þarf undanþágu vegna þeirra.

3. 1407070 - Umsókn um framkvæmdaleyfi - Borholur

Erindi dags. 23. júlí 2014 frá Magnúsi Guðmundssyni þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir því að láta bora tvær holur vegna vatnsöflunar á Keldeyri. Holurnar verða boraðar a.m.k. niður á 200 metra dýpi hvor um sig. Meðfylgjandi eru loftmynd af Keldeyri og væntanlegum borholum. Fyrirhuguð framkvæmd er að mati nefndarinnar þess eðlis að hún telst undanskilin framkvæmdaleyfi sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þar sem um umfangslitla framkvæmd er að ræða sem hefur ekki umtalsverð áhrif á umhverfið. Erindið er samþykkt með fyrirvara um frekari upplýsingar um umfang framkvæmdarinnar.

4. 1408004 - Samþykkt um dýrahald í þéttbýli.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd falið að vinna málið áfram og leggja fram drög á næsta fundi.

5. 1408005 - Gjaldskrá embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd falið að vinna málið áfram og leggja fram drög á næsta fundi.

6. 1408006 - Umsókn um byggingarleyfi.

Erindi frá Jóni Inga Jónssyni, í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir breyttu útliti á Eyrarhúsum. Breytingin felur í sér lokun á gluggaopi sem og klæðningu veggs undir svölum. Erindinu fylgja útlitsteikningar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45.
